

3. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, þingskjal 88, 88. mál á 130. löggjafarþingi.

Með bréfi dags. 15. október 2003 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Efni frumvarpsins er þetta helst:


- i) Breyting sem varðar skilgreiningu söluhagnaðar af hlutum í samlögum og sameignarfélögum.
- ii) Niðurfelling ákvæða er varða alþjóðleg viðskiptafélög.
- iii) Leiðrétting á meintum mistökum við frágang á ákvæði um skatthlutfall sameignar- og samlagsfélaga á haustþingi 2001.
- iv) Hækkun viðmiðunarfjárhæða í samræmi við verðlagsspá fjármálaráðuneytisins.
- v) Lækkun hámarkshlutfalls af skuldum vegna íbúðakaupa, sem talist geta vaxtagjöld við útreikning vaxtabóta, úr 7% í 5,5%.
- vi) Lækkun hlutfalls hátekjuskatts í áföngum í ársbyrjun 2004 og 2005 og niðurfelling hans í ársbyrjun 2006.

Fyrsta atriðið varðar orðalag í 19. grein laga um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingin er tæknilegs eðlis og á rætur að rekja til mistaka við textagerð sem urða við afnám verðbólgu-reikningssskila og gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um niðurfellingu ákvæða um alþjóðleg viðskiptafélög (liður ii) virðast röksemdir í greinargerð sannfærandi svo langt sem þær ná. Ívilnanir til alþjóðlegra viðskiptafélaga hafa ekki breytt miklu um erlenda fjárfestingu og almennt skattaumhverfi fyrirtækja hefur orðið þeim mun hagstæðara. Við þetta má bæta að almennar breytingar á skattaumhverfi eru heppilegri en sérstakar ívilnanir eftir rekstrarformum. Seðlabankinn sér því ekki ástæðu til athugasemda.

Í 6. grein frumvarpsins er leitast að sögn við að færa skattlagningu á sameignarfélögum og samlagsfélögum í það horf að heildarskattlagning hjá félagi og eigendum verði í samræmi við það sem gildir um önnur rekstrarform (liður iii). Slíkt samræmi verður að teljast eðlilegt.


Hækkun viðmiðunarfjárhæða tekjuskatts, eignarskatts og bóta í samræmi við verðlagsspá (liður iv) er óbreytt stefna miðað við hækkanir skattleysismarkna undanfarin ár. Vitað er að þegar kaupmáttur vex jafnt og þétt leiðir slík stefna til þess á nógu löngum tíma að allar tekjur verða skattlagðar með hæsta skatthlutfalli og hlutur skattsins í heildar-



launatekjum vex upp að því hlutfalli. Það myndi ekki breytast þótt um hver áramót væri leiðrétt fyrir mismun verðlagsspár fyrra árs og raunverulegrar verðbólgu ársins. Það hefur ekki verið gert, svo

sem sést á meðfylgjandi mynd. Kaupmáttur skattleysismarkna hefur fallið miðað við verðlag. Ótvírætt er hins vegar að þessi háttur á ákvörðun skattleysismarkna bætir hag ríkissjóðs sem er æskilegt við núverandi aðstæður. Seðlabankinn telur því þessa breytingu gagnlega þótt aðrar tekjuöflunaraðferðir gætu komið að sama gagni.

Ekki er augljóst hve mikið lækkun hámarksvaxtagjalda til bóta úr 7% í 5,5% dregur úr hvata vaxtabótakerfisins til skuldsetningar, en það er meginröksemdin fyrir lagabreytingunni sem til er færð í frumvarpinu (liður v). Á því leikur þó lítill vafi að vaxtabótakerfið í heild hvetur til skuldsetningar. Að mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins færir breytingin ríkissjóði hins vegar tekjur sem metnar eru á 600 m.kr. á ári



á tímum þegar aðhalds er þörf. Seðlabankanum eru ljósir kostir slíkrar tekjuöflunar og er hlynntur þessari breytingu.

**Tekjuskattur einstaklinga 1997-2004**

	ma.kr.		
	Almennur	Sérstakur	S/(S+A)
1997	27,1	0,5	1,7%
1998	31,7	0,6	1,9%
1999	36,9	1,1	3,0%
2000	42,9	1,3	2,9%
2001	50,9	1,6	3,1%
2002	54,0	1,1	2,0%
2003	61,6	1,5	2,3%
2004	66,9	1,4	2,0%

2003 skv. áætlun, 2004 skv. frumvarpi til fjárlaga

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort og hvernig skattakerfi, styrkjakerfi og dreifing samneyslugæða eru notuð til að jafna hlut borgaranna í heildarneyslu frá því sem myndi leiða af tekjum þeirra fyrir skatta. Seðlabankinn bendir hins vegar á að af lækkun hlutfalls hátekjuskatts (líður við) hlýst að ríkissjóður verður fyrir tekjutapi á óheppilegum tíma. Sérstakur tekjuskattur hefur hins vegar ekki skilað ríkinu háum fjárhæðum

eins og sjá má á meðfylgjandi töflu en eins og hinn almenni tekjuskattur skilar hann auknum tekjum þegar skattleysismörk hækka minna en tekjur. Því hefði verið heppilegt að mat hefði fylgt frumvarpinu á því hve mikið tekjutap ríkisins verður af þessari breytingu miðað við að ella hefðu skattleysismörk gagnvart hátekjuskatti fylgt verðlagi og álagningarhlutfalli verið haldið óbreyttu.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Már Guðmundsson  
aðalhogfræðingur